



Viðtakandi: Skóla- og frístundaráð

Sendandi: Helgi Grímsson, sviðsstjóri skóla- og frístundasviðs

Efni: Tillaga sviðsstjóra skóla- og frístundasviðs um að félagsmiðstöðin Tían fái nafnið Ársel

Lagt er til að frá og með 1. janúar 2022 fái félagsmiðstöðin sem nú ber heitið Tían, nafnið Ársel.

Greinargerð:

Þann 1. janúar 2022 verða frístundamiðstöðvarnar Ársel og Gufunesbær formlega sameinaðar. Stjórnendateymi sameinaðrar frístundamiðstöðvar fyrir þjónustuhverfið Árbæ, Grafarvog, Grafarholt og Kjalarnes hefur þegar tekið til starfa og hefur óskað eftir því að nafnið Ársel verði notað að nýju fyrir félagsmiðstöðina í Árbæjarhverfi. Í húsnæðinu, Rofabæ 30, verði því bæði félagsmiðstöðin Ársel og frístundaheimilið Töfrasel. Félagsmiðstöðin á 40 ára afmæli í ár og stjórnendateymi sameinaðrar frístundamiðstöðvar hefur áhuga á að tilkynna um nafnabreytinguna þegar haldið verður upp á afmælið í janúar 2022.

Félagsmiðstöðin Ársel var stofnuð árið 1981 og er fyrsta byggingin á Íslandi sem er hönnuð sem félagsmiðstöð frá upphafi. Árið 2008 vantaði nafn á frístundamiðstöð hverfisins, sem staðsett var í Rofabæ 30. Þá var ákveðið að frístundamiðstöðin fengi nafnið Ársel en félagsmiðstöðin fyrir 10-16 ára börn og unglinga í Árbæjarskóla, Ártúnsskóla og Selásskóla fengi nafnið Tían. Þessi heiti hafa staðið fram að þessu en með sameiningu frístundamiðstöðvanna Ársels og Gufunesbæjar gefst tækifæri að færa félagsmiðstöðinni aftur nafnið Ársel og þannig viðhalda upphaflega nafninu á félagsmiðstöðinni sem tengst hefur byggingunni og starfsemi þar í gegnum árin. Ef samþykki fæst fyrir þessari breytingu er ætlunin að tilkynna nafnið á afmælishátíð fyrir hverfisbúa sem stefnt er á að halda í janúar 2022.